

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Á fundi skipulags og samgönguráðs þann 4.maí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig gangi með hljóðmön við Blesugróf? Það er búið að vera á dagskrá frá 2014 og varðar lýðheilsu þessa hverfis. Vísað er í fyrirspurn frá 2020 um fyrirhugaða hljóðmön við Reykjanesbraut. Hvernig er staðan í þeim málum en talsverður hávaði er í hverfinu vegna umferðar á Reykjanesbraut og Stekkjarbakka. (sjá Aðgerðaáætlun gegn hávaða, frá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg frá janúar 2014). Árið 2021 bókaði Flokkur fólksins við svari við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um mön við Reykjanesbraut/Blesugróf eftirfarandi: Fulltrúi Flokks fólksins spurði fyrir íbúa eftir upplýsingum um fyrirhugaða mön við Reykjanesbraut/Blesugróf og þá hvernig mál standa. Íbúum fannst þeir ekki hafa náð til skipulagsyfirvalda. Í svari segir að forhönnun á umræddri hljóðmön sé nú lokið og kostnaðaráætlun vegna framkvæmda liggja fyrir en ekki liggja fyrir hvenær hægt verði að ráðast í framkvæmdir. Mörgu er því enn ósvarað svo sem hvenær hægt verður að ráðast í framkvæmdir og hver sé ábyrgur fyrir því að koma verkinu af stað. Flokkur fólksins spyr hvað sé að fréttu af þessu og af hverju hefur þetta tekið allan þennan tíma?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 25. maí sl.

Umsögn

Eins og kom fram í fyrra svari við svipaðri fyrirspurn þá er forhönnun á hljóðmön á umræddum stað lokið. Einnig liggur fyrir frumskýrsla varðandi hljóðmön. Endanlegri hönnun er ekki lokið og er verkið ekki komið á framkvæmdaáætlun. Breytingar á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar eru hluti samgöngusáttmála. Gert er ráð fyrir að farið verði í endanlega hönnun og framkvæmdir á hljóðmönnum samhliða þeim framkvæmdum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri



Reykjavíkurborg